

**7. fundur fræðslu- og æskulýðsnefndar vegna Félagsmiðstöðvar árið 2010, haldinn 5. október kl. 17.00, í Félagsheimilinu 4. fundur kjörtímabilsins.**

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson, Gunnar Jóhannesson og Hjalti Sigurðsson, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Zero.

**Dagskrá.**

- 1. Málefni félagsmiðstöðvarinnar Zero.**
- 2. Erindi vegna vistunar barns í Brautarholti.**

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

**1. Málefni félagsmiðstöðvarinnar Zero.**

Rætt var almennt um starfsemina. Hjalti lagði fram skýrslu um starfsemina í ágúst og september 2010.

Fram kom að ekki er formlegt samstarf við Skeiða- og Gnúpverjahrepp varðandi félagsmiðstöðina. Skv. skýrslu forstöðumanns þarfnast mörg atriði í starfseminni úrbóta, s.s. starfsmannafjöldi á opnu húsi, tækjakostur ofl.

Rætt var um möguleika á sameiginlegum íþrótta- og tómsfundafulltrúa meðal uppsveitanna, m.a. með bættum samgöngum með Hvítárbrú.

Hjalti lagði áherslu á að starfsemin færi inn á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til þess að fjárhagsrammi starfseminnar verði skýrari.

Ljóst er að vinna þarf að stefnumótun fyrir starfið og þróa það áfram með settum markmiðum. Að þeirri vinnu þurfa foreldrar að koma, ásamt börnum og forstöðumanni.

Fræðslunefnd samþykkir að beina því til sveitastjórnar að leita eftir formlegu samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp varðandi rekstur félagsmiðstöðvarinnar. Jafnframt verði hafnar viðræður við Bláskógabyggð og Skeiða- og Gnúpverjahrepp varðandi möguleika á samstarfi á sviði íþrótta- og æskulýðsmála í uppsveitunum.

Fræðslunefnd samþykkir einnig að beina því til forstöðumanns að gerð verði fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár sem notuð verði við gerð fjárhagsáætlunar hjá sveitarfélaginu.

Hjalti yfirgaf fundinn.

**2. Erindi vegna vistunar barns í leikskólanum í Brautarholti.**

Tekið fyrir erindi frá foreldrum barns vegna vistunar þess í leikskólanum í Brautarholti. Í erindinu er óskað eftir kostnaðarþátttöku Hrunamannahrepps vegna leikskólagjalda í Brautarholti.

Þar sem ekki er boðið upp á sambærilega vistun í Hrunamannahreppi leggur fræðslunefnd til að erindinu verði hafnað. Jafnframt leggur fræðslunefnd áherslu á að erindið verði endurskoðað þegar barnið nær 16 mánaða aldri.

Fleira var ekki gert - Fundi slitið kl. 18.15